



STE300 1 – 1 Persónuverndarstefna samstæðu Síldarvinnslunnar hf.

Samþykkingandi: Persónuverndarfulltrúi-

Yfirfarin 25.10.2024 HE

Síldarvinnslan hf. og dótturfélög hennar (hér eftir saman Síldarvinnslan) eru í fremstu röð í sjávarútvegi. Í daglegum rekstri er kappkostað að virða friðhelgi einkalífs í hvívetna og að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt samræmi við grundvallarsjónarmið, gildandi lög og reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Síldarvinnslan hefur því sett sér eftirfarandi persónuverndarstefnu. Jafnframt hefur Síldarvinnslan sett margvíslegar aðrar stefnur og reglur sem beint og óbeint styðja við hver aðra, s.s. starfsmannastefna, verklagsregla um vernd uppljóstrara o.fl.

Tilgangur og gildissvið:

Síldarvinnslan leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Með stefnu þessari leggur Síldarvinnslan áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að því að öll vinnsla persónuupplýsinga sinna fari fram í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Stefnan gildir um og lýsir vinnslu og meðferð persónuupplýsinga hjá Síldarvinnslunni.

1. Helstu áherslur

Helstu áherslur Síldarvinnslunnar við meðhöndlun persónuupplýsinga eru þessar:

- Að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða.
- Að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.
- Að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
- Að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang og vinnslu þeirra verði eytt eða þær leiðréttar eins fljótt og unnt er.
- Að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.
- Að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinga sé tryggt.
- Að samþykki einstaklings fyrir vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt tryggt ef lög og reglur mæla svo fyrir.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir Síldarvinnslan þeim starfsmönnum sem vinna persónuupplýsingar fræðslu og þjálfun til að tryggja að vinnsla sé ávallt í samræmi við lög.

2. Hvað er vinnsla persónuupplýsinga?

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins



STE300 1 – 1 Persónuverndarstefna samstæðu Síldarvinnslunnar hf.

Samþykkjandi: Persónuverndarfulltrúi-

Yfirfarin 25.10.2024 HE

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Ópersónugreinanlegar upplýsingar teljast ekki til persónuupplýsinga. Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

3. Um hverja safnar fyrirtækið persónuupplýsingum?

Við rekstur á fyrirtæki safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og er vinnsla þeirra nauðsynleg í rekstri fyrirtækisins. Síldarvinnslan safnar og vinnur til að mynda með persónuupplýsingar um:

- Starfsfólk og umsækjendur um störf hjá fyrirtækinu.
- tengiliði viðskiptamanna.
- birgja og verktaka eða tengiliði þeirra, ef um lögaðila er að ræða.

4. Hvaða persónuupplýsingum safnar fyrirtækið?

Síldarvinnslan safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga, en þó eingöngu upplýsingar sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun persónuupplýsinga eftir eðli sambands fyrirtækisins við viðkomandi einstakling.

Helst er upplýsingum safnað um starfsmenn, fyrst og fremst svo borga megi rétt laun og halda utan um sögu ráðningarsambandsins. Við vinnslu persónuupplýsinga um starfsfólk getur komið til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga eins og þær eru skilgreindar í persónuverndarlögum, s.s. um stéttarfélagsaðild, sé það nauðsynlegt fyrir þann tilgang sem liggur að baki vinnslunni. Upplýsingum um heilsufar starfsfólks er safnað af Heilsuvernd og/eða Sjómanniheilsu og er aðgangur launadeildar að þeim takmarkaður.

Rafræn vöktun fer fram utandyra á athafnasvæðum Síldarvinnslunnar og eins í takmörkuðum mæli í fiskiðjuveri og skipum til að auka öryggi starfsfólks.

Þegar einstaklingar sækja um störf hjá Síldarvinnslunni er þeim persónuupplýsingum safnað sem fram koma í umsóknum, s.s. tengiliðaupplýsingar, upplýsingar um starfsferil, menntun, áhugamál, eða aðrar upplýsingar sem umsækjandi kann að láta fylgja með umsókn sinni.

Þá vinnur Síldarvinnslan með tengiliðaupplýsingar, s.s. nöfn, símanúmer og netföng, auk samskiptasögu um viðskiptamenn sína annars vegar og birgja, verktaka og þjónustuaðila sína hins vegar.

5. Á hvaða grundvelli safnar Síldarvinnslan persónuupplýsingum?

Útrentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins



STE300 1 – 1 Persónuverndarstefna samstæðu Síldarvinnslunnar hf.

Samþykkjandi: Persónuverndarfulltrúi-

Yfirfarin 25.10.2024 HE

Á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er vinnsla persónuupplýsinga hjá Síldarvinnslunni aðeins heimil ef einhver eftirfarandi þátta er fyrir hendi:

- Að vinnslan sé nauðsynleg til þess að efna samning sem hinn skráði er aðili að s.s. uppgjör launa samkvæmt ráðningarsamningi.
- Að vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á Síldarvinnslunni.
- Að vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings.
- Að vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við. beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.
- Að vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna.
- Að einstaklingurinn hafi samþykkt vinnsluna.

Komi til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. heilsufarsupplýsinga eða upplýsinga um stéttarfélagsaðild, er þess að auki gætt að hún uppfylli viðbótarskilyrði persónuverndarlaganna um vinnslu slíkra persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingar geta m.a. verið notaðar í eftirfarandi tilgangi:

- Síldarvinnslan safnar og vinnur með persónuupplýsingar um starfsfólk fyrst og fremst til að stofna til og efna ráðningarsamninga eða á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á Síldarvinnslunni, t.a.m. að inna af hendi lögbundnar greiðslur til skattyfirvalda og lífeyrissjóða. Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsfólk getur slík vinnsla verið nauðsynleg til að starfsfólk geti nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöf og löggjöf um almannatryggingar og félagslega vernd.
- Litið er svo á að umsækjendur um störf hjá Síldarvinnslunni samþykki söfnun og skráningu þeirra persónuupplýsinga sem fram koma í umsókn.
- Vinnsla persónuupplýsinga getur byggst á lögmætum hagsmunum Síldarvinnslunnar, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignarvörsluskyni.
- Vinnsla tengiliðaupplýsinga um viðskiptavini, birgja og verktaka fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Síldarvinnslunnar sem nauðsynlegur hluti af daglegum rekstri, en aðrar persónuupplýsinga um þessa aðila kunna að vera nauðsynlegar til að efna samninga sem þeir eru aðilar að.

6. Varðveislutími

Síldarvinnslan varðveitir persónuupplýsingar aðeins eins lengi og þörf krefur miðað við tilganginn með söfnun þeirra eða til að uppfylla kröfur laga, s.s. um varðveislu bókhaldsgagna. Þegar lögbundnum varðveislutíma lýkur eða þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða fyrir áframhaldandi varðveislu persónuupplýsinganna er þeim eytt eða gerð ópersónugreinanleg. Síldarvinnslan áskilur sér þó rétt til að varðveita gögn sem teljast mikilvæg fyrir sögu félagsins, svo sem grunnupplýsingar um starfsmenn. Öllum upplýsingum sem gætu talist viðkvæmar skal eyða.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins



STE300 1 – 1 Persónuverndarstefna samstæðu Síldarvinnslunnar hf.

Samþykkingandi: Persónuverndarfulltrúi-

Yfirfarin 25.10.2024 HE

7. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Síldarvinnslan gerir viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga, sem taka mið af eðli þeirra, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Fyrirtækið stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsmenn sem koma að vinnslu persónuupplýsinga eða hafa mögulegan aðgang að persónuupplýsingum skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu sem útlistar þagnarskildu og trúnað auk þess að undirgangast persónuverndarstefnuna og skilgreint gildandi verklag við vinnslu persónuupplýsinga.

8. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Síldarvinnslan kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Til dæmis er launategndum persónuupplýsingum óhjákvæmilega miðlað til banka, lífeyrissjóða og stéttarféлага.

Einnig geta þriðju aðilar sem veita Síldarvinnslunni upplýsingatækniþjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum. Fyrirtækið semur eingöngu við þriðju aðila sem tryggja öryggi persónuupplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd fyrirtækisins.

Síldarvinnslunni kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar, svo sem Hagstofu Íslands, Samgöngustofu o.fl.

Síldarvinnslan miðlar engum persónuupplýsingum til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli gildandi persónuverndarlaga.

9. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar Síldarvinnslan vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum fengið persónuupplýsingum um sig eytt. Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Í ákveðnum tilvikum geta einstaklingar fengið persónuupplýsingar um sig sem þeir hafa látið fyrirtækinu í té fluttar til annars ábyrgðaraðila.

Í þeim tilvikum er vinnsla Síldarvinnslunnar byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það.

Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun fyrirtækið upplýsa um hugsanlegar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku hennar.

Útrentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins



STE300 1 – 1 Persónuverndarstefna samstæðu Síldarvinnslunnar hf.

Samþykkjandi: Persónuverndarfulltrúi-

Yfirfarin 25.10.2024 HE

10. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig fyrirtækið varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, geta þeir ávallt haft samband við umsjónaraðila persónuverndarmála hjá Síldarvinnslunni sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum. Hafa má samband við umsjónaraðila persónuverndarmála með því að senda póst á netfangið personuvernd@svn.is eða með því að hringja í skiptiborð í síma 470 7000.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu Síldarvinnslunnar á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

11. Endurskoðun

Síldarvinnslan getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig unnið er með persónuupplýsingar. Gildandi útgáfa persónuverndarstefnunnar skal ávallt vera aðgengileg á heimasíðu Síldarvinnslunnar. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt. Að hámarki skal endurskoða þessa persónustefnu á a.m.k. 3 ára fresti ef lög og reglugerðir hafi ekki breyst á tímabilinu. Utanumhald og endurskoðun er í höndum persónuverndarfulltrúa.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins

